

## **Yfirlýsing vegna fréttar RÚV um afstöðu Gylfa Arnbjörnssonar til samráðs á vettvangi stjórnmalanna.**

Það er fráleit niðurstaða hjá forseta ASÍ að átök og ágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu á Alþingi sé að hindra það að aðilar vinnumarkaðarins nái þeim markmiðum sem þeir hafa sameinast um. Það er með ólíkindum að forseti ASÍ skuli ekki sjá það sem við öllum blasir, að það var ríkisstjórnin sem sveik skilmála stöðugleikasáttmálans við aðila vinnumarkaðarins.

Sjálfstæðisflokkurinn, sem forseti ASÍ sér ástæðu til að hnýta í, átti þar engan hlut að máli. Það væri málefnalegt ef forseti ASÍ gerði tilraun til að nefna dæmi um mál sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur stöðvað í þinginu og lögð er áhersla á af aðilum vinnumarkaðarins. En það mun hann ekki gera því slík dæmi eru ekki til.

Þessi málflutningur rifjar hins vegar upp gagnrýni sem forseti ASÍ hélt á lofti gegn stjórnarandstöðunni í júlí 2009 þegar hann sagði holan hljórn í gagnrýni stjórnarandstöðunnar á samninga ríkisstjórarinnar um Icesave. Forseti ASÍ hvatti beinlínis til þess að gengið yrði frá Icesave samningunum í sinni upphaflegu mynd. Í þjóðaratkvæðagreiðslu var þeim samningi, og þar með sjónarmiðum forseta ASÍ, hafnað með 98% atkvæða. Ætli forysta ASÍ að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna verður hún að leggja af ómálefnalegar árásir á stjórnarandstöðuna og fara að beina sjónum sínum að þeim sem hafa tekið að sér að stjórna landinu, jafnvel þótt þar sé um pólitíska samherja að ræða.

Bjarni Benediktsson